

Grindavík 20.október 2022

Fjárlaganefnd Alþingis

Bt., formanns,

Bjarkeyjar Olsen Gunnarsdóttur,

Efni: Ósk um viðbótar framlag á fjárlögum 2022 að upphæð kr 42m, vegna kennslu á námsbrautum í Fiskeldistækni, Gæðastjórn, Vinnslutækni, Haftengdri nýsköpun ásamt námsbraut í Veiðarfæratækni (netagerð) vor- og haustönn 2023.

2022 hlutu allar ofangreindar námsbrautir skólans formlega viðurkenningu Menntamálastofnunar og staðfestingu Mennta- og menningarmálaráðuneytis (utan Veiðarfæratækni, sem var fyrir staðfest iðngrein). Um 70 nemendur stunduðu nám á þessu fimm brautum á vorönn 2022 og áfram á haustönn 2022. Fjárlaganefnd Alþingis veitti (2021) viðbótarframlag vegna 25 ígilda – kr 42m - til kennslu á þessu framhaldbrautum skólans vegna skólaársins 2022.

Mikil aðsókn er í nám á þessum brautum og útlit fyrir mikilli fjölgun næstu árin – einkum í Fiskeldistækni (en þar stunda nú nám 26 nemendur), en einnig í Gæðastjórn og Vinnslutækni – enda mikill vöxtur fyrirhugaður bæði í land- og sjóeldi. Alls stunduðu um 140 nemendur (um 70 ársnemar/ígildi) nám á viðurkenndum brautum skólans vor- og haustönn 2022.

Samningur skólans sem undirritaður var 2021 og gildir til 2025 gerir ráð fyrir því að skólinn geti aukið námsframboð sitt á viðurkenndum brautum og fengið til þess viðbótar framlag til kennslu, sem samsvarar 25 árs ígildum. Skólaárið 2022 hefur Fisktækniskóli Íslands uppfyllt þessi skilyrði og fékk til þess viðbótar framlag – að upphæð 42.m.

Nú er fyrir séð að þeir nemendur sem skráðu sig til náms á þessum nýju brautum haustið 2022, halda áfram á vorönn 2023. Undirritaður – fyrir hönd Fisktækniskóla Íslands – óskar því þess, að fjárlaganefnd alþingis veiti skólanum áfram viðbótar framlag að upphæð 42.m (samsvarandi 25 árs ígildum) vegna kennslu 2023 – til viðbótar því grunnframlagi sem samningur skólans gerir ráð fyrir og í samræmi við viðbótar ákvæði samningsins um aukið námsframboð á viðurkenndum brautum. Þess er einnig óskað að gert sé ráð fyrir þessu viðbótar framlagi næstu árin – enda fyrir séð að nám á þessum brautum verði hluti af námsframboði skólans næstu árin.

Virðingarfyllst,

f.h Fisktækniskóla Íslands

---

Ólafur Jón Arnbjörnsson, Skólameistari